

# LANDSPÍTALI

............................

............................

...........

Dags:

Nafn:

# YFIRLIT KYNNINGAR


- Íslenska heilbrigðiskerfið
- Stefna og skipulag Landspítala
- Þjónusta við sjúklinga
- Rekstur
- Mannauður
- Menntun og vísindi
- Nokkrir áfangar úr sögu Landspítala
- Nýbyggingar við Landspítala



# ÍSLENSKA HEILBRIGÐISKERFIÐ

# SKIPULAG HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

**Mannfjöldi á Íslandi**

um 388.000, þar af 247.000 á höfuðborgarsvæðinu (1. jan 2023)

**Fjármögnun heilbrigðisþjónustu**

84,7%  frá skattfé almennings, 15,3% frá einstaklingum (2022)

**Gæði og árangur**

Góður klínískur árangur í samanburði við önnur OECD lönd

dæmi: Ísland með lægstu tíðni sængurkvenna- og burðarmálsdauða



# LÁG DÁNARTÍÐNI VEGNA KRABBAMEINA

## ÍSLAND VS. OECD

LANDSPÍTALI

**Figure 3.14. Cancer mortality rates by sex, 2021 (or nearest year)**




1. Most recent data point corresponds to 2016-17.
Source: OECD Health Statistics 2023.

StatLink https://stat.link/b79oz8

# LÁG DÁNARTÍÐNI EFTIR KRANSÆÐASTÍFLU

## ÍSLAND VS. OECD

**Figure 3.11. Heart attack and other ischaemic heart disease mortality, 2021 and 2011 (or nearest year)**




1. Most recent data point corresponds to 2016-17.
Source: OECD Health Statistics 2023.

StatLink https://stat.link/on5wsq

# LÁG DÁNARTÍÐNI EFTIR HEILABLÓÐFALL

## ÍSLAND VS.OECD

LANDSPÍTALI

**Figure 3.12. Stroke mortality, 2021 and 2011 (or nearest year)**




1. Most recent data point corresponds to 2016-17.
Source: OECD Health Statistics 2023.

StatLink https://stat.link/usx7go

# LÁG DÁNARTÍÐNI VEGNA COVID-19

LANDSPÍTALI

**Figure 3.9. COVID-19 mortality for 2020-22**




Sources: OECD Health Statistics 2023; UNWPP (2022[3]), The 2022 Revision of World Population Prospects.

StatLink https://stat.link/f5ed2m

# HEILBRIGÐISSTOFNANIR

- **Stofnanir**
- Eitt háskólasjúkrahús
- Einn kennsluspítali
- Nokkur smærri sjúkrahús
  - Heilsugæsla
  - Hjúkrunarheimili / hjúkrunardeildir
- Heilsugæslustöðvar
- Einkareknar stofur heilbrigðisstarfsmanna

- **Rafræn upplýsingakerfi**
- Klínísk upplýsingakerfi s.s. rafræn sjúkraskrá, lyfjafyrirmæli og rannsóknarsvör
- Samræmt mannauðs- og fjárhagskerfi (Orri)

# SJÚKRAHÚS OG HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR



# SJÚKRAHÚS OG HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

## *MEÐ ÚTIBÚUM*



## Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 2023

Hagstofa.is og ársreikningur Landspítala





LANDSPÍTALI

# STEFNA OG SKIPULAG LANDSPÍTALA

# HLUTVERK

LANDSPÍTALI

**Landspítali er þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús**

Fjölbreytt, almenn og sérhæfð heilbrigðisþjónusta

Miðstöð menntunar, þjálfunar og rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda

Öryggisnet í eigu og í þágu þjóðar

# GILDI

LANDSPÍTALI

**Umhyggja**

Við berum umhyggju fyrir sjúklingum, aðstandendum, samstarfsfólki og samfélagi okkar.

**Öryggi**

Við tryggjum öryggi sjúklinga og starfsmanna.

**Fagmennska**

Við höfum fagmennsku að leiðarljósi í öllum okkar störfum.

**Framþróun**

Við vinnum að stöðugum umbótum og nýtum gagnreynda þekkingu og viðeigandi tækni

# FRAMTÍÐARSÝN

LANDSPÍTALI

Landspítali veitir framúrskarandi heilbrigðisþjónustu í fjölbreyttu og sístækkandi samfélagi og lagar sig að breytilegum þörfum sjúklinga og aðstandenda þeirra.

Landspítali er miðstöð nýsköpunar, vísinda og menntunar á sviði heilbrigðisþjónustu og þróar sífellt nýjar lausnir til að mæta áskorunum samtímans.

Landspítali er eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar til sín og heldur í hæft starfsfólk á öllum starfssviðum spítalans.

Landspítali hefur aðbúnað, fjármögnun og stuðning til að geta sinnt hlutverki sínu með sóma.

LANDSPÍTALI

# STEFNA LANDSPÍTALA





Heilbrigðisráðherra
Lyfjanefnd
Fagráð
Stjórn
Skrifstofa vísinda
Verkefni Nýs Landspítala
Forstjóri
Skrifstofa forstjóra
Skrifstofa lækninga
Skrifstofa hjúkrunar
Bráða-, lyflækninga- og endurhæfingarþjónusta
Skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæsluþjónusta
Geðþjónusta
Hjarta-, augn- og krabbameinsþjónusta
Kvenna- og barnaþjónusta
Klínísk rannsókna- og stoðþjónusta
Þróunarsvið
Rekstrar- og mannauðssvið

# GRÆNT BÓKHALD LANDSPÍTALA 2022

LANDSPÍTALI

## ÞAÐ HELSTA AF ÁRANGRI Í UMHVERFISMÁLUM

Fyrsti áfangi rafvæðingu 40 bíla flota Landspítala hófst. Útboð og afhending bílanna dróst að miklu leyti fram á nýtt ár, því mun minni losun ekki sjást fyrr en í uppgjöri 2023. Stór hluti véla í lóðaumsjón var einnig rafvæddur. Starfsfólki bauðst að fá lánað rafhjól í mánaðartíma. Mikil ánægja var með verkefnið sem talið var hafa jákvæð áhrif á heilsu og hreyfingu og margir létu verða af kaupum á rafhjóli.

Tekinn var í notkun nýr umhverfisvænni starfsmannafatnaður úr tensel og endurunnu polyester. Tensel veldur minni umhverfisáhrifum í framleiðslu en t.d. bómull, minni orku þarf til að þurrka á notkunartíma og blái fatnaðurinn þykir þægilegur.








# LOFTSLAGSÚRBÆTUR – BETRI FRAMTÍÐ

Kolefnisspor vegna starfsemi Landspítala jókst frá 2021 til 2022 og stendur nú í 3.339 tonnum $CO_2$-íg. Kolefnissporið jókst um 11% milli ára einkum vegna aukningar í flugi og olíunotkun vegna varaafls.

### GLAÐLOFT OG SVÆFINGAGÖS

Áfram dregst saman losun glaðlofts sem nú er eingöngu notað við fæðingar. Hætt er notkun desflúran og glaðlofts við svæfingar en báðar gastegundirnar valda miklum gróðurhúsaáhrifum.

### AKSTUR STARFSMANNA Í OG ÚR VINNU

Losun jókst um 4% sem m.a. skýrist af fjölgun starfsfólks, fleiri mæta til vinnu eftir COVID án þess að hlutur vistvænni samgangna hafi aukist. Á spítalanum er stöðugt verið að stuðla að vistvænum samgöngum m.a. með bættri aðstöðu fyrir hjólandi, miklum afslætti á verði árskorts í Strætó, rafhjólaláni til starfsfólks og láni á hjólum og skútum í vinnuferðir.

### GUFUFRAMLEIÐSLA KETILHÚSS

Notkun jókst um 90% á gufu sem varaafli.

### GUFUFRAMLEIÐSLA TUNGUHÁLS

Notkun jókst margfalt frá fyrra ári eða úr 14 í 82 tonn $CO_2$-íg. Miklar sveiflur hafa verið undanfarin ár vegna meiri bilana.

### FLUGFERÐIR

Losun vegna flugferða jókst mikið milli ára. Árið 2022 var losun vegna flugs 426 tonn $CO_2$-íg en 2021 var lítið flogið vegna COVID takmarkana (48 tonn $CO_2$-íg). Samdráttur í flugi er um 30% miðað við viðmiðunarárið 2015.

### AKSTUR STARFSFÓLKS Á EIGIN BÍL

Dregst áfram saman, nú um 7% milli ára. Losun vegna akstur starfsfólks á eigin bíl í vinnuferðum eru 50 tonn $CO_2$-íg.

### AKSTUR BÍLA SPÍTALANS

Losun dróst saman um 2% á milli ára. Helmingur flotans átti að verða rafvæddur um mitt ár en dráttur var á afhendingu nýrra bíla fram á 2023.

### LEIGUBÍLANOTKUN

Losun vegna leigubíla dróst saman um 5% frá fyrra ári.

### AKSTUR MATAR OG LÍNS

Aukning á losun um 2% milli ára vegna aukinnar starfsemi.

### ÚRGANGUR

Losun vegna úrgangs dróst saman um 5% vegna minna magns úrgangs í urðun, samdráttur var 52 tonn. Á móti jókst lífrænn úrgangur um 60 tonn.

### RAFORKA

Losun vegna raforku jókst um 6% einkum vegna aukinnar starfsemi í þvottahúsi.

# KOLEFNISSPOR LANDSPÍTALA - UPPSPRETTUR

Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar (tonn $CO_2$-ígildi).




*Sjá nánar umfjöllun um kolefnisspor og árangur loftslagsmarkmiða og starfsáætlunar umhverfismála spítalans á landspitali.is*

Kolefnislosun/stöðugildi/umfang




*Samkvæmt GHG protokol , alþjóðlega viðurkenndum reikniaðferðum kolefnisspors, eru þrjú losunarsvið: umfang 1 = bein áhrif, eigið húsnæði og rekstur, farartæki spítalans; umfang 2 = óbein áhrif vegna hitunar og rafmagns; umfang 3 = óbein áhrif, losun utan spítalans svo sem aðkeyptur flutningur, flugferðir starfsfólks, úrgangur, ferðir starfsfólks til og frá vinnu og fleira. Landspítali hefur náð mestum árangri í samdrætti á losun í umfangi 1.*




# ÞJÓNUSTA VIÐ SJÚKLINGA

LANDSPÍTALI

# ÞRIÐJUNGUR ALLRA LANDSMANNA LEITAR ÁRLEGA TIL LANDSPÍTALA

| | | |
|---|---|---|
| 132.000 einstaklingar (sumir oftar en einu sinni) | 94.000 komur í slysa- og bráðaþjónustu | 522.000 komur, símtöl og fjarþjónusta á dag- og göngudeildum |
| 14.600 skurðaðgerðir | 3.166 fæðingar | 27.400 innlagnir |
| | 4,8 daga meðallegutími | |

# LANDSPITALI

LANDSPÍTALI

**Um 6.600 starfsmenn**
**og 2.000 nemendur**

**í 100 byggingum**

**á 20 stöðum**
**á höfuðborgarsvæðinu...**



# ÁRIÐ 2023 Á LANDSPÍTALA

LANDSPÍTALI

132.877
einstaklingur sem leitaði til Landspítala

3.465.592
rannsóknir á rannsóknarsviði

4.800
tölvur spítalans nota yfir 100 klínísk tölvukerfi

4.545
heimili notaði jafn mikið rafmagn

14.578
skurðaðgerðir

500.000
símtöl koma inn á símaver

2.026
nemendur á spítalanum

1.709
hjartaþræðingar

65.497
komur á bráðadeild í Fossvogi

94.170
komur á slysa-og bráðamóttökur

27.449
fjöldi þeirra sem leggjast inn á legudeild

521.704
Komur, símtöl og fjarþjónusta á dag- og göngudeildum

222.578
legudagur sjúklinga á spítalanum

119.587
meðferðir veittar af sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum

12
sjúklingar á gjörgæslu á dag

15.358
komur barna á bráðamóttöku barna

1.608
nýir blóðgjafar

3.226
börn fæðast

49.279
Komur, símtöl og fjarþjónusta á göngudeild og bráðaþjónustu geðsviðs

6.308
starfsmenn í vinnu

9.412
komur sjúklinga í blóðskilun

1.809
tonn af úrgangi falla til

# DAGUR Á LANDSPÍTALA

LANDSPÍTALI

- 609 sjúklingar á legudeildum
- 2.087 komur, símtöl og fjarþjónusta á dag- og göngudeildum
- 9.495 rannsóknir á rannsóknarsviði
- 469 sjúklingar fá meðferð hjá sjúkra- og iðjuþjálfum
- 258 sjúklingar koma á slysa- og bráðamóttökur
- 75 nýir sjúklingar leggjast inn á legudeildir
- 40 sjúklingar fara í skurðaðgerðir
- 9 börn fæðast
- 197 komur, símtöl og fjarþjónusta á göngudeildum og bráðamóttöku geðsviðs
- 42 börn koma á bráðamóttöku barna
- 7 hjartaþræðingar á þræðingarstofu
- 31 sjúklingur kemur í blóðskilun
- 12 sjúklingar á gjörgæslu
- 3.700 starfsmenn í vinnu
- 5 tonn af úrgangi falla til úr almennum rekstri - þar af 1,8 tonn endurunnið.
- Rafmagnsnotkun samsvarar notkun 4.545 heimila

# COVID-19 Á LANDSPÍTALA

Mikill samdráttur í starfsemi vegna sóttvarnarreglna - Mikill viðbúnaður og vinnuálag

Frá upphafi faraldurs í febrúar 2020 til ársloka 2022:

- 82% landsmanna bólusettir - um 200 þús. COVID-19 staðfest smit (endursmit meðtalin)
- Um 2.000 COVID-19 legur á spítalanum, þar af 111 andlát
- Toppur 18. mars 2022, 85 manns inniliggjandi
- Mikil veikindi starfsmanna fyrstu 4 mánuði ársins 2022



# BÚSETA SJÚKLINGA LANDSPÍTALA

LANDSPÍTALI

**FJÖLDI SEM KOM EINU SINNI EÐA OFTAR ÁRIÐ 2023 SKIPT EFTIR HEILBRIGÐISUMDÆMUM.
FYRRI TALAN Í TÖFLUM SÝNIR FJÖLDA EINSTAKLINGA SEM KOMU Á LSH EN SEINNI TALAN SEGIR HVE STÓR HLUTI ÍBÚA Í HEILBRIGÐISUMDÆMINU FÉKK ÞJÓNUSTU Á LSH. HLUTFALLSTALA FÆÐINGA ER MIÐUÐ VIÐ KONUR Á ALDRINUM 18 TIL 45 ÁRA SEM VORU BÚSETTAR Í UMDÆMINU.**




| Vestfirðir | | |
|---|---|---|
| *Legur* | *213* | *3,3%* |
| *Dag- og göngudeildir* | *1.079* | *16,5%* |
| *Bráðamóttökur* | *205* | *3,1%* |
| *Fæðingar* | *27* | *2,2%* |

| Norðurland | | |
|---|---|---|
| *Legur* | *589* | *1,6%* |
| *Dag- og göngudeildir* | *3.572* | *9,4%* |
| *Bráðamóttökur* | *586* | *1,5%* |
| *Fæðingar* | *20* | *0,3%* |

| Vesturland | | |
|---|---|---|
| *Legur* | *552* | *2,8%* |
| *Dag- og göngudeildir* | *3.580* | *18,2%* |
| *Bráðamóttökur* | *866* | *4,4%* |
| *Fæðingar* | *34* | *1,0%* |

| Höfuðborgarsvæðið | | |
|---|---|---|
| *Legur* | *13.547* | *5,5%* |
| *Dag- og göngudeildir* | *63.226* | *25,5%* |
| *Bráðamóttökur* | *42.623* | *17,2%* |
| *Fæðingar* | *2.495* | *5,1%* |

| Austurland | | |
|---|---|---|
| *Legur* | *246* | *2,2%* |
| *Dag- og göngudeildir* | *1.363* | *12,1%* |
| *Bráðamóttökur* | *253* | *2,2%* |
| *Fæðingar* | *26* | *1,3%* |

| Suðurnes | | |
|---|---|---|
| *Legur* | *1.296* | *4,2%* |
| *Dag- og göngudeildir* | *5.820* | *18,7%* |
| *Bráðamóttökur* | *2.234* | *7,2%* |
| *Fæðingar* | *243* | *4,0%* |

| Suðurland | | |
|---|---|---|
| *Legur* | *1.517* | *4,5%* |
| *Dag- og göngudeildir* | *6.503* | *19,2%* |
| *Bráðamóttökur* | *1.492* | *4,4%* |
| *Fæðingar* | *264* | *4,1%* |

| Ósjúkratryggðir og erlendir ríkisborgarar | | |
|---|---|---|
| *Legur* | *780* | - |
| *Dag- og göngudeildir* | *940* | - |
| *Bráðamóttökur* | *2.544* | - |
| *Fæðingar* | *51* | - |

# MEGINÞORRI LEGA Á LSH ÁRIÐ 2023 VAR HJÁ ALDURSHÓPNUM 50 ÁRA OG ELDRI

(LEGUR TENGDAR MEÐGÖNGU OG FÆÐINGU UNDANSKILDAR)



# LEGUTÍMI OG LEGURÝMI






# FJÖLDI LEGA EFTIR YFIRSJÚKDÓMAFLOKKUM DRG-KERFIS
(DIAGNOSIS RELATED GROUPS)



LANDSPÍTALI

# SKURÐAÐGERÐIR



# KOMUR Á BRÁÐAMÓTTÖKUR



# YFIR 70% FÆÐINGA Á ÍSLANDI ERU Á LANDSPÍTALA

LANDSPÍTALI





# GÆÐAVÍSAR LANDSPÍTALA

Klíniskir gæðavísar á LSH [1]

| | 2023 | | | | 2022 | | 2021 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Landspítali, fjöldi/skor [2] | Landspítali, hlutfall [2] | Erlendur samanburður, nýjustu tölur | Ár | Landspítali, fjöldi/skor [2] | Landspítali, hlutfall [2] | Landspítali, fjöldi/skor [2] | Landspítali, hlutfall [2] |
| **Öryggi sjúklinga:** | | | | | | | | |
| **Atvik sjúklinga** | | | | | | | | |
| Fjöldi skráðra alvarlegra atvika skv. atvikaskrá | 14 | - | - | - | 8 | - | 18 | - |
| Skráð óvænt andlát í atvikaskrá | 30 | - | - | - | 28 | - | 27 | - |
| Skráð byltuatvik pr. 1.000 legudaga [3] | 5,4 | - | - | - | 5,3 | - | 5,1 | - |
| Skráð lyfjaatvik á legudeildum pr. 1.000 legudaga | 1,9 | - | - | - | 1,7 | - | 2,0 | - |
| Skráð legusár á legudeildum pr 1.000 legudaga, talið annað hvert ár (oddatöluár) | 2,4 | - | - | - | 2,1 | - | 1,9 | - |
| Handhreinsun, fylgni við verklagsreglur [4] | | 76% | - | - | | 84% | - | - |
| **Sýkingar tengdar heilbrigðisþjónustu [5] - algengiskráning** | | | | | | | | |
| Hlutfall sjúklinga sem fengu spítalasýkingu af heildarfjölda inniliggjandi sjúklinga [6] | - | 5,4% | 3,4% | 2023 | - | 5,6% | - | 5,1% |
| hlutfall þvagfærasýkinga af öllum spítalasýkingum | - | 38,0% | - | - | - | 36,0% | - | 29,0% |
| hlutfall öndunarfærasýkinga af öllum spítalasýkingum | - | 18,0% | - | - | - | 17,0% | - | 22,0% |
| hlutfall blóðsýkinga af öllum spítalasýkingum | - | 17,0% | - | - | - | 4,0% | - | 11,0% |
| Blóðsýkingar, nýgengi pr. 100.000 legudaga | 347 | - | - | - | 320 | - | 292 | - |
| Skurðsárasýkingar og legsýkingar eftir keisaraskurð [6] | - | 5,1% | - | - | - | 4,0% | - | 3,4% |
| Kóðun; Hlutfall koma án ICD af heildafjölda koma á dag- og göngudeildir (þar af innan DRG) | - | 8,4% (6,2%) | - | - | - | 1,2% (11,6%) | - | 9,7% (11,6%) |

1) Tölur eru unnar í samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Útilokuð eru föll á legudeildum geðsviðs, kvenna- og barnasviðs og öllum dag -og/eða göngudeildum skv. ákvörðun gæðadeildar. Þetta er til að gera erlendan samanburð mögulegan. 4) Skráning á handhreinsun 2020 og 2021 féll niður vegna Covid. (Handhreinsunarverkefnið "Með hreinum höndum": Fylgni við handhreinsun skv. hinum 5 tilefnum WHO mæld reglubundið með athugun. Http://www.who.int/gpsc/5may/background/5moments/en/). 5) Fjöldi sjúklinga með spítalasýkingu/fjölda inniliggjandi sjúklinga á lyf- og skurðlækningasviði þar sem skráning fer fram. Tilvik talin fjórum sinnum á ári og meðaltal reiknað. 6) Erlendur samanburður er við Noreg. Tekið af netsíðunni: https://www.helsedirektoratet.no/statistikk/kvalitetsindikatorer/infeksjoner/forekomst-av-helsetjenesteassosierte-infeksjoner-i-sykehus






**Klínískir gæðavísar á LSH [1)]**

| | 2023 | | | | 2022 | | 2021 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Landspítali, fjöldi/skor [2)] | Landspítali, hlutfall [2)] | Erlendur samanburður, nýjustu tölur | | Landspítali, fjöldi/skor [2)] | Landspítali, hlutfall [2)] | Landspítali, fjöldi/skor [2)] | Landspítali, hlutfall [2)] |
| **Þjónusta, mönnun - flæði:** | | | | Ár | | | | |
| Hlutfall sjúklinga sem eru eingöngu í þjónustu dag og göngudeilda | - | 85% | - | - | - | 84% | - | 84% |
| Endurinnlagnir; Hlutfall bráðaendurinnlagna innan 30 daga frá útskrift af legudeild, af öllum bráðalegum | | 12% | - | - | - | 11% | - | 13% |
| Meðallegutími í dögum (án útlaga mv 30 daga) | 4,8 | - | - | - | 4,8 | - | 4,6 | - |
| **Bráðamóttaka Fossvogi** | | | | | | | | |
| Fjöldi dvalardaga á BMT Fv (komur lengri en 24 klst) | 9.115 | - | - | - | 8.787 | - | 5.283 | - |
| tími frá komu að fyrsta móttöku-/greiningaaðila | <15 mín | - | - | - | <15 mín | - | <15 mín | - |
| Meðaldvalartími á bráðamóttöku Fv. í klst., komur án innlagnar (ambulant) | 6,0 | - | - | - | 5,7 | - | 4,9 | - |
| Biðtími; Bið á bráðamóttöku, hlutfall innlagna innan 6 klst. frá því að sjúklingur er tilbúinn til innlagnar (tíminn frá Inn*merkingu að innlögn) . | - | 41% | - | - | - | 29% (vanskráð v. breyt.) | - | 43% |
| Hlutfall endurkomu á bráðamóttöku í Fossvogi innan 72 klst. | - | 7% | - | - | - | 7% | - | 6% |
| Biðtími; Hlutfall sjúklinga sem beið lengur en 3 mán. eftir liðskiptaaðgerð - í árslok - MJÖÐM | - | 70% | - | - | - | 84% | - | 78% |
| Mönnun hjúkrunar; Hlutfall hjúkrunarfræðinga við beina hjúkrun á bráðalegudeildum - í árslok | - | 48% | - | - | - | 51% | - | 51% |






Klíniskir gæðavísar á LSH [1)]

| | 2023 | | | | 2022 | | 2021 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Landspítali, fjöldi/skor [2)] | Landspítali, hlutfall [2)] | Erlendur samanburður, nýjustu tölur | | Landspítali, fjöldi/skor [2)] | Landspítali, hlutfall [2)] | Landspítali, fjöldi/skor [2)] | Landspítali, hlutfall [2)] |
| **Þjónustukönnun, nokkrar útkomur** | | | | **Ár** | | | | |
| ***Vefræn svið fullorðinna (án barna- og geðdeilda):*** | | | | | | | | |
| Heildarupplifun sjúkrahússlegu [3) 4)], skor á skalanum 1-10 | 8,34 | - | 7,92 | 2022 | 8,30 | - | 8,17 | - |
| Hlutfall sjúklinga sem töldu vera nægilegt samráð við sig um útskrift [4) 5)] | - | 56% | - | | - | 59% | - | 59% |
| Hlutfall sjúklinga sem fékk skriflegar útskriftarleiðbeiningar [6)] | - | 71% | - | - | - | 72% | - | 72% |
| Gæði verkjameðferðar [7)] | - | 85% | - | - | - | 86% | - | 82% |
| ***Barnadeildir*** | | | | | | | | |
| Heildarupplifun sjúkrahússlegu [3)], skor á skalanum 1-10 | 8,08 | - | - | - | 8,54 | - | 8,1 | - |
| Framkoma af virðingu [8)] | - | 84% | - | - | - | 75% | - | 76% |
| Gæði verkjameðferðar [9)] | - | 82% | - | - | - | 94% | - | 86% |

1) Tölur eru unnar í samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Spurt var: " Þegar á heildina er litið, hver var reynslan þín í síðustu innlögn (gefin einkunn á kvarðanum 0 til 10, þar sem 0 var "Reynsla mín var mjög slæm" og 10 "Reynsla mín var mjög góð". 4) Samanburður við NHS á Englandi. https://www.cqc.org.uk/publications/surveys/surveys 5) Spurt var: "Fannst þér þú höfð/hafður með í ráðum þegar teknar voru ákvarðanir um útskrift þína af spítalanum?" Birt hlutfall þeirra sem svöruðu "Já, algjörlega". 6) Spurt var: " Áður en þú fórst af spítalanum, fékkstu afhentar einhverjar skriflegar upplýsingar um hvað þú ættir að gera eða mættir ekki gera eftir útskrif af spítalanum." Birt hlutfall þeirra sem svöruðu játandi. 7) Spurt var: "Þegar á heildina er litið, hvernig var verkjameðferðin sem þú fékkst." Hér er sýnt hlutfall þeirra sem töldu meðferðina nægjanlega. 8) Spurt var: "Fannst þér komið fram við þig og barnið af virðingu á meðan barnið var á spítalanum?". Hér er sýnt hlutfall þeirra svöruðu "Já, alltaf". 9) Spurt var: "Heldur þú að starfsfólk spítalans hafi gert allt sem það gat til að draga úr verkjum barnsins?" Hér er sýnt hlutfall þeirra sem svöruðu "Já, algjörlega".






## Klíniskir gæðavísar á LSH [1]

| | 2023 | | | | 2022 | | 2021 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Landspítali, fjöldi/skor [2] | Landspítali, hlutfall [2] | Erlendur samanburður, nýjustu tölur | | Landspítali, fjöldi/skor [2] | Landspítali, hlutfall [2] | Landspítali, fjöldi/skor [2] | Landspítali, hlutfall [2] |
| **Hjartalækningar:** | | | | Ár | | | | |
| Kransæðaþræðing, andlát í legu innan 30 daga eftir valaðgerð | 0 | 0,0% | 0,1% [3] | 2023 | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Kransæðavíkkun, andlát í legu innan 30 daga | 8 | 1,0% | - | - | 12 | 1,5% | 9 | 1,1% |
| Kransæðavíkkun v. hjartadreps með ST-hækkun, mínútur (miðgildi) frá komu til víkkunar [4,5] | 33 mín | - | - | - | 37 mín | - | - | - |
| Hlutfall kransæðavíkkana v. hjartadreps með ST-hækkun, framkvæmt innan 60 mín. [4,5] | - | 81,3% | - | - | - | 82,0% | - | - |
| Kransæðahjáveituaðgerðir, andlát í legu innan 30 daga | 0 | 0,0% | 0,6% | 2023 | 1 | 2,0% | 0 | 0,0% |
| Hjartadrep, andlát í legu innan 30 daga, þar af [6] | 16 | 3,6% | 3,8% | 2023 | 18 | 4,4% | 12 | 3,2% |
| með ST hækkun á hjartalínuriti | *12* | *6,0%* | - | - | *13* | *6,6%* | *7* | *4,1%* |
| án ST hækkana á hjartalínuriti | *4* | *1,6%* | - | - | *5* | *2,4%* | *5* | *2,5%* |
| Hjartabilun, andlát í legu innan 30 daga | 50 | 9,4% | - | - | 48 | 8,8% | 29 | 6,4% |
| **Taugalækningar** | | | | | | | | |
| Heilaslag, andlát í legu innan 30 daga, þar af | 37 | 10,9% | 14% [7] | 2022 | 30 | 10,5% | 23 | 10,8% |
| *v. heilaslags/blóðtappa* | *26* | *9,2%* | - | - | *15* | *7,5%* | *11* | *6,4%* |
| *v. heilaslags/heilablæðingar* | *11* | *19,0%* | - | - | *15* | *23,4%* | *12* | *30,0%* |

1) Tölur eru unnar í nánu samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Svíþjóð: Tölur úr Swedeheart gagnagrunni. Annual report. 4) Door to balloon time. 5) Áður borið saman við tölur úr Swedeheart gagnagrunni, en tölur ekki samanburðarhæfar lengur vegna breyttrar skráningar í Svíþjóð. 6) Hjartastopp með í þessum tölum ef það er vegna hjartadreps, annars ekki. 7) Tölur af vef Socialstyrelsen. https://sdb.socialstyrelsen.se/if_stroke/val.aspx.






## Klíniskir gæðavísar á LSH [1]

| | 2023 | | | | 2022 | | 2021 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Landspítali, fjöldi/skor [2] | Landspítali, hlutfall [2] | Erlendur samanburður, nýjustu tölur | | Landspítali, fjöldi/skor [2] | Landspítali, hlutfall [2] | Landspítali, fjöldi/skor [2] | Landspítali, hlutfall [2] |
| **Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar** | | | | **Ár** | | | | |
| Spangarklipping [3] | 279 | 10,5% | - | - | 298 | 11,5% | 358 | 12,1% |
| Spangarrifur III eða IV gráða, þar af [3] | 94 | 3,5% | 2,6% [4] | 2022 | 113 | 4,4% | 91 | 3,1% |
| *án áhaldafæðinga* | 71 | 3,0% | - | - | 91 | 3,9% | 70 | 2,7% |
| Keisaraskurðir, þar af | 500 | 15,8% | 19,1% [4] | 2022 | 514 | 16,5% | 505 | 14,6% |
| *bráðakeisaraskurðir* | 332 | 10,5% | 10,7% [4] | 2022 | 320 | 10,3% | 332 | 9,6% |
| Sogklukku - og tangarfæðingar, þar af [3] | 285 | 10,7% | 6,6% [4] | 2022 | 270 | 10,4% | 309 | 10,4% |
| *sogklukkufæðingar* | 278 | 10,4% | - | - | 262 | 10,1% | 301 | 10,2% |
| *tangarfæðingar* | 7 | 0,3% | - | - | 8 | 0,3% | 8 | 0,3% |
| Fyrirburafæðingar | 192 | 6,1% | 5,6% [4] | 2022 | 216 | 6,9% | 229 | 6,6% |
| Burðarmálsdauði [5] | 10 | 0,3% | 0,4% [4] | 2022 | 10 | 0,3% | 24 | 0,7% |

1) Tölur eru unnar í nánu samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Áður birt hlutfall af fyrirhuguðum fæðingum um leggöng (fæðingar um leggöng og bráðakeisarar) en nú birt hlutfall af fæðingum um leggöng eingöngu. 4) Samanburður við Svíþjóð (bráðabirgðatölur), byggt á tölum af vef Socialstyrelsen: https://sdb.socialstyrelsen.se/if_mfr_004/val.aspx. 5) Andvana fædd börn > 22 viku m.v. 500 gr fæðingarþyngd eða börn sem létust á fyrstu viku eftir fæðingu.








# REKSTUR

# REKSTRARREIKNINGUR

LANDSPÍTALI

| *Fjárhæðir í milljónum króna* | 2023 | 2022 | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjufært ríkisframlag | 98.416 | 94.142 | 4.274 | 4,5% |
| Rekstrartekjur | 12.292 | 10.900 | 1.392 | 12,8% |
| **Tekjur samtals** | **110.708** | **105.042** | **5.666** | **5,4%** |
| Launagjöld | 79.734 | 73.854 | 3.879 | 5,1% |
| Rekstrargjöld | 27.156 | 26.122 | 1.034 | 4,0% |
| Afskriftir, tæki og búnaður | 1.639 | 1.526 | 113 | 7,4% |
| Afskriftir, endurbætur og nýframkvæmd | 1.597 | 0 | 1.597 | - |
| Fjármagnsliðir | -24 | 0 | -24 | - |
| **Gjöld samtals** | **110.102** | **103.502** | **6.600** | **6,4%** |
| **Afkoma ársins** | **607** | **1.541** | **-934** | **-60,6%** |




Hækkun sérgreindra vara milli 2020 og 2021 er að mestu leyti tilkomin vegna kaupa á hvarfaefnum fyrir veirurannsóknir vegna Covid-19.




*Miðað er við launavísitölu ríkisstarfsmanna (heimild: Hagstofa Íslands). Vísitalan metur styttingu vinnutíma skv. kjarasamningum til launahækkunar, en styttingin tók gildi á árinu 2021.



LANDSPÍTALI

# MANNAUÐUR

# Á SPÍTALANUM STARFA UM 6.300 MANNS Í UM 5.000 STÖÐUGILDUM



# STÖÐUGILDI OG STARFSMANNAFJÖLDI

LANDSPÍTALI



# VEIKINDAHLUTFALL STARFSMANNA

## EFTIR MÁNUÐUM

LANDSPÍTALI



# STARFSÁNÆGJA STARFSMANNA SKV. KÖNNUN

## SKALINN ER 1-10, ÞAR SEM 10 ER HÆSTA GILDI. MARKMIÐ ER 7,6





# MENNTUN OG VÍSINDI

# 2.006 NEMENDUR Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM ÁRIÐ 2023
# ÞAR AF 716 HÁSKÓLANEMAR Á FRAMHALDSSTIGI

Hjúkrunarfræði

Læknisfræði

Iðjuþjálfun

Geislafræði

Sálfræði

Félagsráðgjöf

Skipstjórnarmenn



Lífeindafræði

Lyfjafræði

Sjúkraliðanám

Næringarfræði

Sjúkraþjálfun

Sjúkraflutningamenn o.fl.

# VÍSINDIN 2023 Í TÖLUM

LANDSPÍTALI

**141**
Nýjar vísindarannsóknir sbr samþykktar umsóknir siðanefnda

**257**
Rýndar vísindagreinar starfsfólks Landsítala í erlendum tímaritum

**31**
Ritrýndar vísindagreinar starfsfólks Landspítala í innlendum tímaritum

**142**
Doktorsnemar tengdir Landspítala

**168**
Meistaranemar tengdir Landspítala

**~392** milljónir
Vísindastyrkir til starfsfólks Landspítala

**130** milljónir
Styrkir frá Vísindasjóði Landspítala

**~98** milljónir
Erlendir vísindastyrkir til starfsfólks Landspítala

**49**
Fræðasvið þar sem voru stundaðar vísindarannsóknir á Landspítala

**~80**
Veggspjöld kynnt á alþjóðlegum ráðstefnum

**~130**
Fyrirlestrar á alþjóðlegum ráðastefnum

LANDSPÍTALI




# NOKKRIR ÁFANGAR ÚR SÖGU LANDSPÍTALA


Hringbraut


Fossvogur


Landakot


Barnaspítali Hringsins

1930  Landspítalinn tekinn í notkun
1955  Hjúkrunarspítalinn opnaður
1996  Sjúkrahús Reykjavíkur stofnað með sameiningu Borgarspítalans (1967) og St. Jósefsspítala Landakoti (1902)
1999  Ríkisspítalar (Landspítalinn) og Sjúkrahús Reykjavíkur undir eina stjórn
2000  Ríkisspítalar (Landspítalinn) og Sjúkrahús Reykjavíkur sameinast í Landspítala - háskólasjúkrahús (Landspítali frá 2007)
2003  Nýr barnaspítali opnaður
2011  St.Jósefsspítali í Hafnarfirði sameinast Landspítala
2018 Tekin ný skóflustunga að meðferðarkjarna við Hringbraut
2019 Nýtt sjúkrahótel opnað við Hringbraut
2021 Opnað göngudeildarhús við Eiríksgötu

Eiríksstaðir


Kleppur


Geðdeildahús


Grensás


# ÁFANGAR Í LANDSPÍTALASÖGUNNI

LANDSPÍTALI

- **1902** – Landakotsspítali tók til starfa
- **1907** – Kleppsspítali tekinn í notkun
- **1910** – Vífilsstaðaspítali tók til starfa (Starfsemi hætt 2002)
- **1926** – St. Jósefsspítali Hafnarfirði opnaður 1926
- **1930** – Landspítali tekinn í notkun
- **1946** – Arnarholt opnað (Starfsemi hætt 2005)
- **1955** – Hjúkrunarspítali opnaður í Heilsuverndarstöðinni. (Þeirri starfsemi lauk endanlega 1996)
- **1960** – Fæðingarheimili Reykjavíkur tekið í notkun (Starfsemi endanlega hætt 1995)
- **1967** – Borgarspítalinn opnaður
- **1970** – Hvítabandið tekið í notkun
- **1996** – Sjúkrahús Reykjavíkur stofnað með sameiningu Borgarspítalans og St. Jósefsspítala Landakoti 1996
- **1999** – Landspítalinn og Sjúkrahús Reykjavíkur undir eina stjórn
- **2000** – Landspítalinn og Sjúkrahús Reykjavíkur sameinast í Landspítala - háskólasjúkrahús, nú Landspítali
- **2003** – Nýr Barnaspítali Hringsins 2003
- **2011** – St. Jósefsspítali Hafnarfirði sameinast Landspítala
- **2018** – Tekin fyrsta skóflustunga nýs meðferðakjarna við Hringbraut
- **2019** – Sjúkrahótel tekið í notkun
- **2021** – Opnað göngudeildarhús

# MIKILVÆGIR KLÍNÍSKIR ÁFANGAR Á LANDSPÍTALA

## EFTIR 1960

| Ár | Áfangi |
|---|---|
| 1968 | Blóðskilun hófst (Kviðskilun 1985) |
| 1970 | Gjörgæsludeild opnuð í Fossvogi |
| 1976 | Vökudeild tekur til starfa |
| 1986 | Hjartaskurðlækningar hefjast |
| 1991 | Glasafrjóvgun hefst |
| 1992 | Segulómtæki tekið í notkun |
| 2000 | Offituaðgerðir með kviðsjárholstækni hefjast |
| 2003 | Fyrsta nýraígræðslan |
| 2003 | Stofnfrumuígræðsla með blóðmyndandi stofnfrumum hefst |
| 2007 | Ígræðsla þindarraförva vegna mænuskaða hefst |
| 2011 | Rafskaut grætt í heila |
| 2014 | Skurðaðgerðarþjarki tekinn í notkun |
| 2018 | Jáeindaskanni tekinn í notkun |
| 2019 | Segabrottnám vegna heilaslags – ný meðferð |
| 2020 | Göngudeild Covid-19 stofnuð |
| 2022 | Brjóstamiðstöð stofnuð |



# NÝBYGGINGAR VIÐ LANDSPÍTALA

# HVAÐA STARFSEMI VERÐUR Í NÝBYGGINGUNUM?

Meginmarkmið er að sameina starfsemi í Fossvogi og við Hringbraut
Nýbyggingar í Landspítalaþorpinu verða rúmlega 75.000 m$^2$

- Slysa- og bráðamóttaka
- Legudeildir með 210 rúmum
- Skurðstofur, gjörgæsla, vöknun
- Myndgreining
- Rannsóknarstofur
- Sjúkrahótel - 75 herbergja
- Apótek
- Dauðhreinsun o.fl.





# LEIÐARLJÓS LANDSPÍTALA VIÐ UPPBYGGINGU INNVIÐA

### SJÚKLINGAMIÐUÐ HÖNNUN

- Hönnun spítalans setji þarfir sjúklinga í öndvegi.
- Hönnunin styðji við gildi Landspítala: umhyggju, fagmennsku, öryggi og framþróun.
- Friðhelgi sjúklinga verði tryggð og hönnunin styðji við þátttöku sjúklinga og aðstandenda þeirra.

### ÖRYGGI OG GÆÐI

- Hönnunin stuðli að öryggi sjúklinga; rými verði stöðluð, yfirsýn góð og ferlar skilvirkir.
- Hönnunin styðji við teymisvinnu.

### SKILVIRKNI OG FLÆÐI

- Hönnunin miði að því að flutningsleiðir fólks og aðfanga verði stuttar og vel skilgreindar.
- Hönnunin miði að því að draga úr hverskyns sóun.

### STARFSUMHVERFI

- Hönnunin miði að því að starfsumhverfi verði framúrskarandi og starfsánægja mikil.

### SVEIGJANLEIKI

- Hönnunin verði sveigjanleg og styðji þannig við framþróun og breytingar.

### TÆKNI

- Nýjasta tækni verði nýtt til að auka virði þjónustunnar (virði = gæði/kostnaður).
- Tækni auðveldi aðgengi að upplýsingum í rauntíma.

### UMHVERFI

- Byggingin verði falleg, björt og hljóðlát og styðji þannig við vellíðan sjúklinga og starfsmanna
- Byggingin verði eins umhverfisvæn og frekast er unnt

***Hönnun þjóðarsjúkrahússins styðji við þríþætt hlutverk þess; þjónustu, menntun og vísindi***

# LANDSPÍTALAÞORPIÐ – NÝBYGGINGAR 2015 – 2026 – 1. ÁFANGI





# MEÐFERÐARKJARNINN – 70.000 M2 – 6 HÆÐIR OG KJALLARI

***HÖNNUN 2016-2022*** ***FRAMKVÆMDIR 2018-2026***



**RANNSÓKNAHÚSIÐ – 17.000 M2 – 5 HÆÐIR**
**SAMEINAR NÆR ALLA RANNSÓKNARSTARFSEMI SPÍTALANS**
***HÖNNUN 2018 – 2022.   FRAMKVÆMDIR 2021 - 2026***



**BÍLASTÆÐA- OG TÆKNIHÚS – 550 STÆÐI**

***HÖNNUN 2019-2022 - FRAMKVÆMDIR 2021-2024***


HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ HÍ – NÝBYGGING 7.000 M2 + ENDURBÆTUR Á LÆKNAGARÐI
HÖNNUN 2018-2022.        FRAMKVÆMDIR 2022 – 2026